

SOS BARNAPORPIN

Fréttablað 1. tbl. 20. árg. 2014

*Nokkrar algengar spurningar
og svör um SOS Barnaporpin*

SOS mæður

Skjólvinufréttir

Hvert fóru framlögin?

Saga SOS barns

SOS leikskólar



**SOS
BARNAPORPIN**

Öll börn vilja gott heimili

NOKKRAR ALGENGAR SPURNINGAR OG SVÖR UM SOS BARNÆRÞORPIN



Eru börnin alin upp í ákveðinni trú?

SOS Barnaþorpin taka ekki afstöðu til ólíkra trúarbragða. Það þýðir þó ekki að samtökin hafni trúarbrögðum. Ef foreldrar barnsins tilheyra/tilheyrðu ákveðinni trú er barnið alið upp í þeirri trú. Ef upplýsingar um trúarbrögð foreldra liggja ekki fyrir eru börnin alin upp í samræmi við það sem algengast er í landinu eða á landssvæðinu. Í mörgum barnaþorpum má finna börn og SOS-mæður sem aðhyllast ólík trúarbrögð.

Hvenær flytja börnin úr þorpinu?

Það er ekkert aldurstakmark í SOS Barnaþorpunum. Samtökin eru ábyrg fyrir börnunum þar til þau hafa lokið menntun, eru byrjuð að vinna og geta séð um sig sjálf. Þegar börnin vilja og eru tilbúin til, þá flytja þau að heiman. Yfirleitt flytja börnin úr þorpunum á aldrinum 16–23 ára.

Þar sem svokölluð SOS-ungmennaheimili eru til staðar geta börnin flutt þangað á unglingsárunum til þess að læra smám saman að fóta sig í lífinu. Þar búa nokkrir unglingar saman á heimili og njóta leiðsagnar starfsfólks SOS. Ungmennaheimilið er staðsett í SOS Barnaþorpinu eða skammt frá og ungmennin eru enn á framfærslu SOS og í nánum samskiptum við SOS móður sína.

Hvernig eru börn valin í barnaþorpin?

SOS Barnaþorpin taka við þeim börnum sem misst hafa foreldra sína eða geta ekki búið hjá foreldrum sínum af einhverjum ástæðum. Ákvarðanir um hvaða börn fá að flytjast í barnaþorp eru teknar af yfirvöldum í viðkomandi landi í samráði við SOS.

Hversu stór hluti styrktarframlags fer í umsýslu?

Barnaþorpsvinir greiða kr. 3.250 og styrktarforeldrar kr. 3.750 á mánuði. Skrifstofa SOS Barnaþorpanna á Íslandi fær ekki krónu af þessum framlögum heldur fjármagnar rekstur sinn með öðrum hætti. Alþjóðaskrifstofa SOS Barnaþorpanna í Vínborg í Austurríki fær hinsvegar 15% af þessum framlögum og nýtir þá fjármuni m.a. til að hafa eftirlit með þorpunum og gæta þess að strangar kröfur samtakanna séu uppfylltar þegar kemur að umönnun barnanna.

Hjálpnið þið fötluðum og langveikum börnum?

Að sjálfsögðu. SOS Barnaþorpin gera engan greinarmun á börnum eftir heilsu þeirra. Við hjálpum fjölmörgum fötluðum og langveikum börnum. Sum þeirra eiga við andleg veikindi að stríða, önnur eru með alnæmi, og enn önnur eru bundin við hjólastól. Öll börn eiga rétt á því að alast upp í fjölskyldu á góðu heimili.



**SOS
BARNÆRÞORPIN**

Öll börn vilja gott heimili

Útgefandi: SOS Barnaþorpin á Íslandi
Ábyrgðarmaður: Ragnar Schram
Ritstjóri: Sunna Stefánsdóttir
Heimilisfang:
SOS Barnaþorpin | Hamraborg 1 | 200 Kópavogi
Sími: 564 2910
sos@sos.is | www.sos.is

Umbrot: Pixel ehf
Prentun: Oddi
Prófarkalestur: Ragnar Ingi Aðalsteinsson
Forsíðumynd: Frá SOS Barnaþorpi í Salvador í Brasilíu.
Ef ljósmyndara er ekki getið er myndin úr myndasafni SOS.

Frá framkvæmdastjóra

Fjölskylduvinur í fjarlæggu landi



Ragnar Schram,
framkvæmdastjóri
SOS Barnapörpunnna.

Samkvæmt Hagstofunni voru Íslendingar 325.671 um síðustu áramót. eru þá ótalin um 6.000 munaðarlaus og yfirgefin börn í rúmlega 100 löndum sem íslenskar fjölskyldur styrkja til náms og framfærslu í barnapörpum. Myndir af þessum börnum eru víða á veggjum, ísskápum og skenkum íslenskra heimila og styrktarforeldrar njóta þess að fá bréf og nýjar myndir af styrktarbörnum sínum; sjá þau þrókast og dafna á veginum til sjálfstæðis.

Ég er ekki að leggja það til að Hagstofa Íslands taki þessi SOS-börn inn í mannföldatölur sínar, en þó er það svo að mjög margar íslenskar fjölskyldur líta á styrktarbörn sín sem hluta af fjölskyldunni, þó með óbeinum hætti sé. Þær skrifa þeim, gleðjast þegar styrktarbörnunum gengur vel og finna til með þeim ef illa gengur. Nokkrum sinnum höfum við þurft að hringja í styrktarforeldra og tilkynna dauðsfall styrktarbarns og slíkar fréttir taka mjög á, enda um fjölskylduvin að ræða.

Aldrei hafa fleiri Íslendingar styrkt börn í SOS Barnapörpum. Ég tel þó að mun fleiri Íslendingar hafi áhuga á að styrkja barn og eignast þannig lítinn fjölskylduvin í fjarlæggu landi. Við gerum það sem við getum til að fjölga þeim en treystum einnig á ykkur kærar vinir, að þið hvetjið ykkar vini og ættingja til að taka að sér eitt barn.

Pokarnir

Við hjá SOS Barnapörpunum eigum umhverfisvæna fjölnota poka sem nýtast vel þegar skjótast þarf út í búð, í sund og við fjölmörg önnur tækifæri. Styrktaraðilar fengu slíkan poka sendan heim fyrir nokkrum vikum og hafa viðtökurnar verið mjög góðar, enda er umhverfisvitundin sívaxandi. Hafir þú ekki fengið poka eða vilt fá fleiri máttu endilega koma við á skrifstofu okkar eða hafa samband og við sendum þér poka.

Af hverju þessir greiðsluseðlar?

Eins og gefur að skilja byggir hjálparstarf SOS Barnapörpunnna á framlögum velviljðra einstaklinga og fyrirtækja. Langstærstur hluti allra þeirra framlaga sem við fáum, eða um 85%, fer úr landi og nýtist börnum okkar og öðrum skjólstaðingum á erlendri grundu. Þegar við bjóðum ykkur að styrkja samtökin á annan hátt en með föstum mánaðarlegum framlögum, erum við að bjóða ykkur að hjálpa til við að afla nýrra styrktaraðila, halda uppi þjónustu við þá sem fyrir eru og gera okkur kleift að fjármagna ýmis verkefni á vegum samtakanna. Þannig nýttust framlög ykkar í fyrra t.d. við að fjármagna sólarorkuvæðingu barnapörps í Benín, neyðaraðstoð á Filippseyjum, neyðaraðstoð á Malí, nýjan skóla á Fílabeinsströndinni og stuðning við fátækar barnafjölskyldur í Grikklandi.

Hjartans þakkir fyrir þinn stuðning – hann kemst til skila!

Ragnar Schram



Umhverfisvænir
plastpokar sem
styrktaraðilar fengu
sendan heim fyrir
nokkrum vikum.

SOS
BARNAPÖR
Öll börn v

„Það sem skiptir mestu máli er að vera göfuglynd/ur og halda því svo áfram.“ –Hermann Gmeiner.

SOS MÆÐUR

SOS mæðurnar eru einn mikilvægasti angí starfsins okkar og gera það sérstakt. Mæðurnar búa með börnunum sínum á heimili í SOS Barnahorpi. Börnin sem koma í SOS Barnahorpin eiga ekki foreldra sem geta séð fyrir þeim og því tekur SOS móðirin þau að sér. Þegar börnin stækka halda þau yfirleitt góðu sambandi við móður sína.

5250 SOS mæður starfa í 545 SOS Barnaþorpum

HVAÐ ER SOS MÓÐIR?

SOS móðir tekur að sér barn sem ekki á foreldra á lífi sem geta séð um það. Öll börn sem koma í SOS Barnaþorp búa með SOS móður sinni og systkinum.

HVERT ER HLUTVERK SOS MÓÐURINNAR?

SOS móðirin elur börnin upp líkt og sín eigin börn. Hún sér þeim fyrir ást, umhyggju, næringu og öðru sem börnin þarfnast. Hún fær greidd laun og er útvegað fé til þess að halda uppi SOS fjölskyldu sinni sem hún framfleytir. Hún er með aðstoðarkonu, svokallaða SOS frænku (sem stundum er í þjálfun til þess að verða SOS móðir) sem aðstoðar hana við heimilishaldið.

HVERNIG ER ÁKVEÐIÐ HVER VERÐUR SOS MÓÐIR?

Kona sem vill verða SOS móðir fer í gegnum strangt inntökufærli áður en hún getur hafið störf. Hún þarf að vera metin hæf sem SOS móðir og fær svo þjálfun í uppeldisfræði, sálfræði og fleiri fögum. Hún þarf að hafa persónuleika og lífsskoðanir sem passa við gildi SOS og búa yfir ást og umhyggju sem börnin fá að njóta góðs af.

HVERNIG ÞJÁLFUN FÆR SOS MÓÐIR?

Hún þarf að gangast undir tveggja ára nám áður en hún getur hafið störf sem SOS móðir. Þar af eru þrjár til sex mánuðir af bóklegu námi og það sem eftir er af tímanum fer í starfsþjálfun. Í bóklega náminu lærir konan um menningu, aðstæður og fjárhag svæðisins sem hún ætlar að starfa á sem SOS móðir. Þá lærir hún meðal annars uppeldisfræði, sálfræði, áfallahjálp, húshald og næringarfræði. Þá er líkamsrækt einnig partur af þjálfuninni þar sem mikilvægt er að SOS móðir sé heilsuhaus.

HVAÐ MEÐ SOS FEÐUR?

SOS myndu gjarnan vilja hafa fleiri starfandi SOS feður! Það er ekki nokkur vafi á því að SOS feður gætu verið góð viðbót við SOS mæðurnar. Undanfarin ár hafa þessir hlutir verið að breytast og hafa nokkur lönd í Evrópu ráðið inn SOS feður og hjón/sambúðarfólk sem SOS foreldra.

Það eru því miður ekki margir karlmenn sem sækja um að vera SOS feður en það breytist vonandi á næstu árum. Það er hins vegar mikilvægt að hafa karlmenn starfandi í þorpunum til þess að börnin eigi sér einnig karlkyns fyrirmynd. Samtökin reyna því að hafa karlkyns fyrirmyndir til staðar.



HVAÐ EF SOS MÓÐIR VILL GIFTAST?

Ef SOS móðir kynnist manni og vill búa með honum reyna SOS Barnaþorpin að finna bestu lausnina fyrir alla. Oft flytur maðurinn til konunnar í þorpið og tekur þátt í heimilishaldinu. Konurnar í SOS Barnaþorpunum eru alltaf yfir heimilinu, til dæmis fjármálum, og það má ekki breytast þó karlmaður flytji inn á heimilið.

HVAÐ GERIST ÞEGAR SOS MÓÐIR ÞARF AÐ HÆTTA VEGNA ALDURS?

Þegar SOS móðir þarf að hætta störfum vegna aldurs er henni boðið að fara á námskeið og í hópastarf með öðrum fyrrverandi SOS mæðrum til þess að takast á við lífstílsbreytinguna.

Fyrrverandi SOS mæður búa oft en ekki ennþá í þorpunum og umgangast SOS börnin. Þær sinna þá einskonar „ömmuhlutverki“ í þorpunum. Þær SOS mæður sem unnið hafa í fimmtán ár eða lengur eiga rétt á lífeyri, þ.e. mánaðarlegri greiðslu frá SOS. Þá er þeim er útvegað heimili til þess að búa á og læknskostnaður þeirra er greiddur til æviloka.

MYNDIR ÚR **SOS** **BARNABORPUNUM**



SOS systkini í Lettlandi.



SOS mæðgur í Tælandi.



Þessi drengur fékk nýtt heimili í SOS Barnaborpi í
Sýrlandi síðastliðið haust.

„Ég trúir því að heimurinn verði ekki jafn hættulegur á morgun ef við munum elska hvert annað örlítið meira en við gerum í dag.“ -Hermann Gmeiner.



Það er gaman að róla! Frá SOS Barnaþorpi í Mið-Afríkulyðveldinu.



Stúlka í SOS Barnaþorpi í Senegal á leið í skólann.



SOS móðir í Níger að bera krem á fætur dóttur sinnar.

HVERT FÓRU FRAMLÖGIN?

Árið 2013 nutu þúsundir munaðarlausra og yfirgefina barna í 106 löndum góðs af framlögum íslenskra styrktarforeldra og barnaþorpsvina.

Alls námu framlög íslenskra styrktarforeldra og barnaþorpsvina rúmum 243 milljónum en það er 22 milljónum hærra upphæð en við sendum frá okkur árið 2012. Hver einasta króna fór úr landi og nýttist til að bæta líf barnanna og gefa þeim nýtt tækifæri.

Auk framlaga frá styrktarforeldrum og barnaþorpsvinum sendu SOS Barnaþorpin á Íslandi 49 milljónir króna í ýmis önnur verkefni á vegum SOS Barnaþorpanna í samstarfslöndum okkar. Stærsta slíka verkefnið er fjölskylduefling SOS í Gíneu Bissá en það er fjármagnað af skjólvinum og stjórnvöldum hér á landi. Önnur helstu verkefni á árinu 2013 voru neyðaraðstoð á Filippseyjum og á Malí auk þess að SOS Barnaþorp í Benín var sólarorkuvætt.

Hér á opnunni má sjá upplýsingar um framlög til þeirra landa sem fengu meira en eina og hálfu milljón frá íslenskum styrktaraðilum.



Indland	28.482.616.00	Chíle	4.543.740.00	Kína	3.479.800.00
Eþíópía	8.494.150.00	Bangladesh	4.323.150.00	Srí Lanka	3.407.250.00
Sambía	8.053.250.00	Tæland	4.198.700.00	Kambódía	3.350.100.00
Nepal	6.702.371.00	Gana	3.948.550.00	Filippseyjar	3.346.800.00
Kenía	6.548.850.00	Mexíkó	3.849.800.00	Brasilía	3.282.700.00
Perú	5.716.550.00	Tansanía	3.813.792.00	Senegal	3.269.100.00
Botsvana	5.648.300.00	Rúanda	3.616.250.00	Simbabwe	3.166.500.00
Malaví	4.956.150.00	Malí	3.596.900.00	Úganda	3.094.000.00
Bólvía	4.549.550.00	Suður Afríka	3.549.600.00	Búrúndí	3.078.250.00



Gambía	2.982.418.00	Gínea-Bissá	2.264.250.00	Gvatemala	1.829.700.00
Austur Kongó	2.950.694.00	Kólumbía	2.219.750.00	Haítí	1.767.000.00
Víetnam	2.908.650.00	Rússland	2.177.240.00	Tsjad	1.744.500.00
Indónesía	2.836.250.00	Níkaragva	2.093.155.00	Paragvæ	1.718.250.00
Benín	2.823.400.00	Palestína	2.035.850.00	Búrkína Fasó	1.653.300.00
Hondúras	2.799.850.00	El Salvador	1.930.750.00	Túnis	1.640.150.00
Marokkó	2.570.700.00	Nígería	1.928.250.00	Argentína	1.631.431.00
Venesúela	2.448.250.00	Króatía	1.920.350.00	Rúmenía	1.574.100.00
Laos	2.436.250.00	Ekvador	1.910.400.00		
Mósambík	2.325.700.00	Síerra Leóne	1.856.250.00		

ÞIÐ SKJÓLVINIR GERIÐ OKKUR KLEIFT
AÐ SEGJA SVONA SÖGURI!

MEIRA EN BARNABÖRÞ

Marilda Panfone er tuttugu og þriggja ára gömul og er frá Gíneu Bissá.

Marilda bjó með móður sinni og tveim yngri bræðrum sem eru átta og sex ára. Fjölskyldan var fátæk en móðir barnanna lagði mikið á sig og vann mikið til þess að börnin ættu gott heimili, færu í skóla og væru við góða heilsu. Þegar móðir þeirra lést þurfti Marilda að ganga bræðrum sínum í móðurstað. Systkinin höfðu ekki efni á að búa áfram í sama húsinu og fengu því lánað lítið herbergi hjá kunningja til að búa í. Marilda var strax ákveðin í því að leggja mikið á sig til þess að bræður hennar gætu haldið áfram í skóla. Hún hætti sjálf í námi og fór að vinna fyrir fjölskyldunni. Með því að vera í nokkrum störfum gat hún borgað skólagjöldin fyrir drengina en það var ekki mikill afgangur eftir fyrir mat og öðrum nauðsynjum.

Fjölskyldan fékk aðstoð hjá Fjölskylduefningu SOS í Gíneu Bissá. SOS Barnabörpin borga nú skólagjöldin fyrir drengina ásamt því að systkinin hafa nú aðgang að ókeypis heilbrigðisþjónustu. Þá fékk Marilda aðstoð við að sækja um starfsnám og er það að fullu borgað af SOS Barnabörpunum. Hún er að læra að verða bakari. Hún er nú þegar byrjuð að vinna með námi og hefur aukið tekjur heimilisins til muna ásamt því að fá fjárhagslega aðstoð hjá SOS. Þá útveguðu SOS Barnabörpin systkinunum nýjan öruggan stað til að búa á.

Systkinin eru sammála um það hversu mikilvægt nám er. Báðum drengjunum finnst mjög gaman í skólanum og njóta þess að læra. Þegar þeir eru spurðir hvað þá langi til að starfa við í framtíðinni er svarið auðvelt fyrir þá báða: „Læknir“.

Marilda er mjög ábyrg stúlka og er þakklát fyrir þá hjálp sem hún hefur fengið. Hún er áhugasöm á fundum með SOS og tekur þátt í öllum tómsundum og námskeiðum sem eru í boði í SOS samfélagsmiðstöðinni. „Ég er rosalega þakklát fyrir stuðninginn frá SOS. Ég hélt að samtökin hjálpuðu bara munaðarlausum börnum með því að taka þau inn í barnabörpin, en nú veit ég að þau hjálpa líka börnum sem búa annars staðar,“ segir Marilda.

SOS á Íslandi sjá alfarið um Fjölskylduefningu SOS í Gíneu Bissá. Verkefnið miðar að því að hjálpa sárafátækum einstæðum foreldrum og forráðamönnum til fjárhagslegs sjálfstæðis þannig að þeir geti mætt þörfum barna sinna án utanaðkomandi aðstoðar. Hjálpin fer þannig fram að ráðgjafar SOS heimsækja fjölskyldurnar og útbúa áætlun í samráði við foreldrana. Áætlunin tekur mið af aðstæðum, þekkingu og hæfileikum hversrar fjölskyldu og tilgreinir í smáatriðum leið hennar til fjárhagslegs sjálfstæðis. Í fyrra voru 59 fjölskyldur skjólstaðingar Fjölskylduefningar og þar af 200 börn. Áætlunin er að fjölga skjólstaðingum og verða fjölskyldurnar í Fjölskylduefningu líklegast orðnar 100 í lok árs 2014 og þar af 400 börn.



„Öll börnin í heiminum eru okkar börn.“ -Hermann Gmeiner.



Ulla og Jahnvi í Noregi

Jahnvi Pananchikal er 24 ára gömul kona sem ólst upp í SOS Barnaþorpi á Indlandi. Þegar hún var að alast upp átti hún íslenskt styrktarforeldri sem heitir Ulla Magnússon og er nú stjórnarformaður SOS Barnaþorpanna á Íslandi. Við báðum Jahnvi um að skrifa smá pistil um samtökin sem hún gerði með glöðu geði.

SAGAN MÍN: **ÁST Á LÍFINU**

Ég væri ekki á þeim stað sem ég er á í dag nema vegna Hermanns Gmeiner og SOS Barnaþorpanna á Indlandi. Ég var nýfædd þegar ég fannst úti á götu og var fimm daga gömul þegar ég fékk heimili í SOS Barnaþorpinu í Faridabad. Þar var ég sett í hendurnar á konu sem ég elska út af lífinu í dag. Hún elskaði okkur systkinin þrátt fyrir gallana okkar og ólíkan bakgrunn. Hún hafði endalausa ást að gefa og er ég mjög þakklát stofnanda SOS (Hermann Gmeiner) fyrir að átta sig á hversu mikilvægt starf SOS móðurinnar er. Hann lagði mikla áherslu á að

öll börn þyrftu móður. Ég og systkini mín vorum heppin að eignast móður sem elskaði okkur. Ég fann alla tíð hversu mikið hún elskaði mig. Með hennar ást og stuðningi uppgötvaði ég hæfileika mína, naut hvorrar mínútu af lífinu, náði mikilvægum markmiðum og afrekaði margt merkilegt. Ég væri ekki svona hamingjusöm í dag ef ekki væri fyrir hana. Hún þekkir mig betur en nokkur annar.

Ég er þakklát móður minni, SOS Barnaþorpunum og styrktarforeldrunum mínum. Þau

hafa öll aðstoðað mig og vegna þeirra er ég á lífi og er hamingjusöm í dag. SOS Barnaþorpin gefa börnum tækifæri sem fáir aðrir geta gefið. Tækifærin sem börn fá hjá SOS Barnaþorpunum fást ekki hjá miðstéttarjölskyldu á Indlandi. Ég fékk menntun, öll nauðsynleg þægindi og heimili og kynntist yndislegu fólki. Ég er sérstaklega þakklát stofnanda samtakanna á Indlandi, J.N.Kaul (lést 2008) og Pradeep Singh sem trúðu alltaf á mig, sama hvað ég valdi að gera. Ég fékk tækifæri til þess að sækja

„Einn daginn þarft þú að sanna fyrir sjálfum/sjálfri þér að þú getir lifað lífinu. En það að vera fær um að lifa lífinu snýst um að nýta tækifærin sem þér eru gefin.“ -Hermann Gmeiner.



Jahnvi með SOS móður sinni og systkinum



Jahnvi Pananchikal

um og fá skólstyrk til þess að fara í „United World College“ í Flekke í Noregi. SOS Barnaþorpin gáfu mér þetta tækifæri. Í Noregi kynntist ég líka frábæru fólki í gegnum SOS. Ég kynntist meðal annars Vibeke Mortensen sem er yndisleg manneskja sem stóð alltaf með mér.

Að fara í eins virtan skóla og „United World College“ var dásamleg lífsreynsla sem ég mun aldrei gleyma. Sú lífsreynsla hefur átt stóran þátt í að móta sýn mína og skilning á heiminum ásamt því að ég kynntist mörgu yndislegu fólki og upplifði mikla gleði. Ég var með ófullnægjandi skilning á ýmsum hugtökum og hugmyndum þegar ég kom fyrst í skólann, en kennararnir voru ávallt tilbúnir með margskonar lausnir til þess að hjálpa mér þegar ég lenti í vandræðum. Ég varð í raun mjög hissa þegar ég útskrifaðist frá skólanum með IB gráðu (baccalaureate diploma) og fékk fullan skólstyrk til þess að nema hugvísindi í bandarískum háskóla.

Þegar ég byrjaði í háskóla var tími til kominn að standa á eigin fótum og ég hætti á framfærslu styrktarforeldra minna. Ég er enn í sambandi við nokkra þeirra, Ullu Magnússon (guðmóðir mín) sem er frá Íslandi, Bruno Aebi (guðfaðir minn) frá Sviss, og Vivek Joshi (lærifaðir minn) og Namrata Bhabhi (hollvinur minn) frá Delhi. Þau hafa oftast en ekki

hjálpað mér og staðið við bakið á mér þegar ég hef þurft að taka erfiðar ákvarðanir og hafa alltaf verið til staðar fyrir mig þegar ég hef þarfnast þeirra hve mest. Þegar ég bjó í Noregi fékk ég tækifæri til að hitta Ullu og Bruno í þeirra heimalöndum. Ég ferðaðist með Ullu um Ísland og það var mjög ánægjulegt að fá að eyða tíma með henni. Bruno var mjög spenntur fyrir því að hitta mig í Sviss og sýndi mér landið ásamt frænku sinni. Þá hitti ég Vivek og Namrata á hverju ári og nýti tækifærið til að ræða við þau um líf mitt og framtíðarplön. Ég elska þau öll mjög mikið.

Ég var í Westminster háskóla í Bandaríkjunum í fjögur ár og það var mikil reynsla. Hlutirnir voru ólíkir því sem ég hafði áður kynnst. Fólkið, námið, umhverfið og skilningurinn, allt var þetta ólíkt því sem ég þekkti. Ég var mjög heppin að fá að vera þar og fjölskyldan mín á Indlandi studdi mig allan leið. Ég naut þess að vera í Bandaríkjunum, ég lærði margt nýtt og uppgötvaði ný áhugasvið. Ég stóð á eigin fótum í fyrsta sinn en auðvitað upplifði ég líka erfiða tíma, en það var eitthvað sem ég lærði af. Seinna útskrifaðist ég með MA gráðu í enskum bókmenntum, og fann þá fyrir mikilli þörf til að fara heim til Indlands og eyða tíma með fjölskyldunni minni. Eftir að ég útskrifaðist fór ég að starfa í

alþjóðlegum skóla en í dag starfa ég fyrir frjáls félagasamtök. Ég er líka að undirbúa mig undir að byrja í doktorsnámi í enskum bókmenntum á Indlandi. SOS móðir mín og systkini mín heimsóttu mig fyrir stuttu síðan og var það augnablik sem ég hafði oft ímyndað mér þegar ég var yngri. Það var rosalega gaman að geta boðið fjölskyldu minni í heimsókn á mitt eigið heimili og sýnt þeim ást og umhyggju.

Þessi nákvæma greinagerð um líf mitt er nauðsynleg til þess að utanaðkomandi aðilar skilji hversu fallett líf mitt hefur verið vegna SOS Barnaþorpanna. Hermann Gmeiner, stofnandi SOS, var mikill hugsjónamaður og ég er viss um að hann og allir sem hafa starfað fyrir samtökin væru mjög ánægð að sjá mig svona hamingjusama. SOS Barnaþorpin væru ekki svona stór og virt samtök í dag nema fyrir vinnu og framlög milljóna manna sem hafa óbilandi trú á verkefninu. Einn einstaklingur getur gert gæfumum og með þá hugsun í fararbroddi held ég áfram að lifa lífinu með von, þakklæti og hamingju í hjarta.

Ég óska ykkur til hamingju með 25 ára afmælið, SOS á Íslandi!

Jahnvi Pananchikal



Frá vinstri er Robert Hubmann, tengilldur Íslands við alþjóðaskrifstofuna, Ragnar Schram, framkvæmdastjóri, Ulla Magnússon, stjórnarformaður, og Siddhartha Kaul.

25 ára afmæli SOS Barnaporpanna á Íslandi!

Í ár eru liðin 25 ár síðan SOS Barnaporpin hófu starfsemi sína á Íslandi. Á þessum 25 árum hafa Íslendingar stutt starf samtakanna um 4,3 milljarða. Meira en 85% upphæðarinnar hefur nýst í verkefni samtakanna erlendis þar sem að umsýslukostnaður SOS á Íslandi hefur aldrei verið yfir 15%.

Um 12 þúsund Íslendingar eru styrktaraðilar SOS Barnaporpanna á Íslandi. Þar af eru 6000 manns styrktarforeldrar, en þeir aðilar styrkja eitt ákveðið barn. Alls hafa Íslendingar verið styrktarforeldrar 14 þúsund barna á síðastliðnum 25 árum.

Í tilefni afmælisins kom alþjóðaforseti samtakanna, Siddhartha Kaul, í heimsókn. Kaul er Indverji og var kosinn alþjóðaforseti árið 2012. Hann er fyrsti alþjóðaforseti SOS sem ekki er austurrískur. Kaul er starfi samtakanna vel kunnugur en faðir hans, J.N. Kaul var einn af stofnendum SOS á Indlandi á sjöunda áratugnum. Þá starfaði Siddhartha Kaul fyrir samtökin á Indlandi og Sri Lanka frá árinu 1978.

Kaul lenti á Íslandi 27. mars



Hr. Ólafur Ragnar Grímsson og Siddhartha Kaul.

síðastliðinn og dvaldi hér á landi í þrjá daga. Í heimsókninni fór hann meðal annars á fund með forseta Íslands á Bessastöðum ásamt því að hitta nokkra styrktaraðila. Kaul var mjög ánægður með heimsóknina. Þá sagðist hann einnig vera mjög ánægður með starf SOS á Íslandi. „SOS Barnaporpin á Íslandi hafa staðið sig mjög vel á þessum 25



Siddhartha Kaul hendir mynt ofan í peningagjánnu á Þingvöllum.

árum. Stuðningur Íslendinga er með því mesta miðað við höfðatölu,“ sagði alþjóðaforsetinn.



Hægt er að kynna sér starfsemi Ísafold Travel á www.isafoldtravel.is



SOS LEIKSKÓLAR

Vinir í Arusha í Tansaníu

Venjulega sækja börn frá SOS Barnaþorpunum nærliggjandi leikskóla. Í löndum og á svæðum þar sem leikskólar eru ekki fyrir hendi eða eru metnir ófullnægjandi hafa SOS Barnaþorpin hins vegar byggt sína eigin leikskóla. Þessir leikskólar eru opnir börnum frá SOS þorpunum sem og öðrum börnum úr nágrenni þorpanna.



Frá SOS leikskólanum í Búkarest í Rúmeníu.



Nemandi í SOS leikskóla í Bahir Dar í Eþíópíu.

SOS leikskólarnir eru eins og aðrir leikskólar. Kennsluáðferðir SOS leikskólanna eru þó í anda uppeldisstefnu Friedrichs Fröbel og Mariu Montessori. Áhersla er lögð á að barnið fái að nota meðfædda hæfileika sína til sköpunar og hvert barn fær að þroskast á þeim hraða sem því hentar.

Á SOS leikskólanum er alltaf tekið tillit til gildandi viðmiða og menningar hvers lands.




Stúlka á SOS leikskólanum í Naíróbí í Kenýu.

Rík áhersla er lögð á hæft starfsfólk til að tryggja börnunum bestu umönnun sem völ er á. Umsækjendur eru boðaðir í viðtal og þurfa að gangast undir hæfnispróf og byggist val á starfsmönnum á niðurstöðu prófs og viðtals.


Alls eru 222 SOS leikskólar starfandi og í þeim eru fleiri en 22 þúsund nemendur.

Úr ársreikningi SOS Barnþorpanna 2013*

Hvaðan komu framlögin?



Í hvað fóru framlögin?



Árið 2013 námu framlög til SOS Barnþorpanna á Íslandi um 390 milljónum króna. Á bls. 8-9 í þessu blaði má sjá til hvaða landa framlögin fóru. Hægt er að skoða ársreikning okkar á heimasíðunni www.sos.is.

*Óendurskoðaðar tölur.